



Borgarráð

***Umsögn vegna tímabundinna áfengisveitingaleyfa vegna jóla og áramótaskemmtana 2018.***

Borist hafa umsagnarbeiðnir Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um tímabundið leyfi til lengri veitingatíma áfengis á eftirfarandi stöðum:

-dags. 4. desember, tímabundið leyfi til lengri veitingatíma áfengis eða til kl. 04.30, aðfaranótt þriðjudagsins 1. janúar nk. vegna veitingastaðarins Austurbær, Snorrabraut 37

-dags. 5. desember, tímabundið leyfi til lengri veitingatíma áfengis eða til kl. 06.00, aðfaranótt þriðjudagsins 1. janúar nk. vegna veitingastaðarins Austur, Austurstræti 7

-dags. 10. desember, tímabundið leyfi til lengri veitingatíma áfengis eða til kl. 06.00, aðfaranótt sunnudagsins 6. janúar nk. vegna Nýlistasafnið, Marshallhúsið Grandagarði 20

-dags. 12. desember, tímabundið leyfi til lengri veitingatíma áfengis eða til kl. 03.00, aðfaranótt fimmtudagsins 27. desember nk. vegna veitingastaðarins Pablo Discobar, Veltusundi 1

-dags. 12. desember, tímabundið leyfi til lengri veitingatíma áfengis eða til kl. 03.00, aðfaranótt þriðjudagsins 1. janúar nk. vegna veitingastaðarins Rakang Thai, Hraunbær 102a

Í 4. mgr. 18. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 er rekstrarleyfishafa heimilað að sækja um leyfi sem viðbót við gilt rekstrarleyfi, svo sem vegna tímabundins viðbótarafgreiðslutíma áfengisveitinga. Verður talið að þeir viðburðir sem hér er um rætt geti fallið að þeirri heimild.

Í ljósi ofangreinds er lagt til að borgarráð samþykki að veita jákvæðar umsagnir um tímabundin áfengisleyfi með vísan til 4. mgr. 18. gr. l. nr. 85/2007, -til kl. 04.30, aðfaranótt þriðjudagsins 1. janúar nk. vegna veitingastaðarins Austurbær, Snorrabraut 37, - til kl. 06.00, aðfaranótt þriðjudagsins 1. janúar nk. vegna veitingastaðarins Austur, Austurstræti 7, -til kl. 06.00, aðfaranótt sunnudagsins 6. janúar nk. vegna Nýlistasafnið, Marshallhúsið Grandagarði 20, -til kl. 03.00, aðfaranótt fimmtudagsins 27. desember nk. vegna veitingastaðarins Pablo Discobar, Veltusundi 1, -til kl. 03.00, aðfaranótt þriðjudagsins 1. janúar nk. vegna veitingastaðarins Rakang Thai, Hraunbær 102a.

Jákvæð umsögn borgarráðs er háð því að aðrar lögbundnar umsagnir séu einnig jákvæðar.

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar

